



## Íslenska 7. bekkur 2024-2025

Markmið með íslenskukennslu er að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það í daglegu lífi. Fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsefni er notað til þess að vinna að hæfniviðmiðum íslensku sem skipt er skipt í fjóra flokka: talað mál; hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði.

Mikil áhersla er lögð á lestur og lesskilning, enda er hann mikilvægur fyrir nemendur til að sækja sér þekkingu og getur einnig stutt við getu nemenda til að tjá sig munnlega og skriflega, enda er tjáning mikilvæg til að geta tekið þátt í samfélaginu.

### **Kennsluaðferðir**

Kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir. Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í paravinnu, hópavinnu, með umræðum, upplýsingatækni, ýmis konar lestri og fleira.

### **Námsefni og gögn**

Málrækt 3, Mál er miðill, Málið í mark-fallorð, Ljóðspor, Orðspor 3; lesbók og vinnubók, Þriðji Smellur- lesskilningur, stafsetningaræfingar, ritun, framsögn og ýmis verkefni af vef.

Bekkurinn les saman bækurnar Benjamín dúfa og Ungfrú fótbolti.

Stóra upplestrakeppnin: Æfing í framsögn, undirbúningur fyrir upplestur, ljóð og sögur.

### **Námsmat**

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnlegt. Tilgangurinn er að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

**Kennarar** – Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir og Guðný Eygló Ólafsdóttir